

**Málsaðili:** Vatnajökulsþjóðgarður

**Málsheiti:** Óveruleg DSK breyting

**Dreifing:** Skipulagsnefnd Norðurlands

**Starfsmaður:** Gunnlaugur Róbertsson mannvirkja- og gæðafulltrúi

Dags: 30. mars 2022

Málsnúmer: 2102029

**Efni :** Ósk um óverulega breytingu á deiliskipulagi Jökulsárgljúfur

Vatnajökulsþjóðgarður hefur hlotið fjármagn til byggingar þurrsalernis, göngustígs og útsýnispalls Hólmatungur og Langavatnshöfða en árið 2021 kláraði Vegagerðin veglagningu að þessum stöðum ásamt bílastæði. Báðir þessir staðir eru fjölsóttir ferðamannastaðir. Við nánari skoðun kemur í ljós að ekki er gert ráð fyrir salernisaðstöðu í gildandi deiliskipulagi við bílastæðið á Langavatnshöfða en þjóðgarðurinn hefur áform um að koma upp ofangreindri aðstöðu sumarið 2022. Salernisaðstaðan mun bjóða uppá 2 almenn salerni ásamt einu salerni fyrir hreyfihamlaða. Seyra sem fellur til verður nýtt til uppgræðslu í samvinnu við Landgræðsluna.

Vatnajökulsþjóðgarður óskar eftir að unnin verði breyting á deiliskipulagi í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skv. hjálöggðum uppdrætti.

Fylgiskjöl:

Langavatnshöfði-breyting á deiliskipulagi

AK2103-Tillaga-Langavatnshöfði-wc-G01

*Virðingarfyllst,*

---

*Gunnlaugur Róbertsson*

*Mannvirkja- og gæðafulltrúi Vatnajökulsþjóðgarðs*